

24. janúar 1975.

9

Nr. 13.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli loðnuafurða fyrir framleiðslutímabilið 17. janúar til loka loðnuvertíðar 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 17. janúar til loka loðnuvertíðar 1975:

Loðnumjöl § 5.25 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, § 425.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § = 118.30.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 62.5% af verðbreytingum frá grundvallarverði á loðnumjöli, en 30% á loðnulýsi.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing um sama efni, dagsett 23. janúar 1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1975.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

28. janúar 1975.

Nr. 14.

REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

I.

Línu- og netaveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. mars til 1. maí 1975 á eftirgreindum svæðum:

1. Vestan 20°59'0 v.lgd. og austan línu, sem dregin er réttvisandi 213° frá Reykjanesaukavita (63°48'0 n.br. og 22°41'9 v.lgd.). Að utan takmarkast þetta svæði af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

B 2